

Dags eftirlits	19.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Atlantsolía	Eftirlitsmaður	
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit, ein ábending er sett fram er varðar skil á umhverfisupplýsingum.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með olíubirgðastöð Atlantsolíu í Hafnarfirði. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Síðasta eftirlit fór fram 29. ágúst 2024 og voru sett fram fjögur frávik er varða ófullnægjandi frágang í kringum löndunarlagnir, prófanir á aðvörunarbúnaði olíuskilju höfðu ekki farið fram, skráningum á mælingum og viðhaldi olíuskilja var ábótavant og mæling á olíu í fráveituvatni hafði ekki farið fram á tilsettum tíma. Ein ábending var sett fram um uppfærslu á áætlun um rekstrarstöðvun. Rekstraraðili sendi inn úrbótaáætlun vegna frávikanna þann 19. mars 2025. Stofnunin hefur fallið frá frávikum er varða ófullnægjandi frágang í kringum löndunarlagnir, að öðru leyti er vísað til málslokabréfs dags 29. desember 2025.

Rætt var um eftirlitsmælingar og skráningar, þ.m.t. notkun strimla við mælingar á olíu í fráveituvatni og kom stofnunin því á framfæri að samkvæmt reglugerð ætti að mæla olíu í fráveituvatni og notkun strimla ekki fullnægjandi þar sem einungis væri um mat að ræða.

Farið var í skoðunarferð um athafnasvæði rekstraraðila og ekki var tilefni til athugasemda.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí 2026, sbr. rg. 205/2025 um breytingu á reglugerð nr. 990/2008 um útsreymisbókhald.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.01.2026



Sigríður Magnúsdóttir